

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 53/1991 og **Íslenska umboðssalan hf. og**
nr. 7/1994. **Sameinaðir framleiðendur**

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Granda hf.

(Valgarð Briem hrl.)

og gagnsök

og

Íslenska umboðssalan hf.

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Granda hf.

(Valgarð Briem hrl.)

Umsýsluviðskipti. Löghald. Ómerking. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1991. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1991. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur greiði sér in solidum 10.665.846 krónur ásamt dráttarvöxtum af 12.464.676 krónum frá 15. desember 1986 til 15. janúar 1991, en af 10.665.846 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur greiði sér 3.450.130 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði héraðsdóms af 5.248.960 krónum frá 15. desember 1986 til 15. janúar 1991, en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Íslenska umboðssalan hf. hefur með stefnu 7. janúar 1994 skotið til Hæstaréttar héraðsdómi frá 4. janúar sl. í málinu nr. 7/1994, en með þeim dómi var staðfest löghald, sem gagn-

áfrýjandi lét gera í eignum þessa aðaláfrýjanda 26. júní 1992. Krefst aðaláfrýjandi þess, að löghaldsgerðin verði felld úr gildi, en gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. og með hliðsjón af 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, ber að sameina þetta mál því, er hér er fyrir. Þar sem það hefur ekki áður verið framkvæmt, er það gert með þessum dómi.

Frekari yfirheyrslur hafa farið fram eftir uppsögu héraðsdóms.

Viðskiptum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallast ber á það með héraðsdómara, að viðskipti þessi hafi verið umsýsluviðskipti, sem felast í því, að umsýslumaður gerir samning við kaupanda vöru í eigin nafni, enda þótt umsýsluveitandi sé raunverulegur seljandi hennar. Réttarstaða umsýslumanns og umsýsluveitanda sín í milli fer samkvæmt umsýslusamningnum og þeim venjum, sem gilda um sambærileg viðskipti. Samningar aðila voru munnlegir, og nýtur ekki annarra skriflegra gagna um efni umsýslusamningsins en staðfestingar Íslensku umboðssölunnar hf. frá 4. júní 1986 á því, er samdist með starfsmanni hennar og fjármálastjóra gagnáfrýjanda um afskipun á hertum hausum. Staðfesting þessi er gerð í nafni Íslensku umboðssölunnar hf., enda þótt málflutningur aðaláfrýjenda verði ekki öðruvísi skilinn en svo, að Sameinaðir framleiðendur viðurkenni, að þessi útflutningur hafi verið á þeirra vegum, og starfsmaðurinn haldi því fram, að staðfesting í nafni Íslensku umboðssölunnar hf. hafi gerst fyrir mistök. Gagnáfrýjandi, Grandi hf., er ekki aðili að félagi Sameinaðra framleiðenda, og er ósannað, að starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið kunnugt um eða mátt vera ljóst, að útflutningur þessi hafi ekki verið á vegum Íslensku umboðssölunnar hf. Í staðfestingu þessari er gagnáfrýjanda heitið bankaábyrgð í Sviss. Af hálfu gagnáfrýjanda hefur því staðfastlega verið haldið fram, að útflutningur hefði ekki verið leyfður án slíkrar bankatryggingar. Verður að telja, að aðaláfrýjendur beri áhættu af því, að hún brást, og fallast verður á það með héraðsdómi, að þeir hafi ekki sannað, að gagnáfrýjanda hafi verið tilkynnt um það fyrir útskipun. Annað er ekki fram komið en greiðsla hefði verið tryggð, ef bankaábyrgð fengist í Sviss. Fjármálastjóri gagnáfrýjanda hélt því fram fyrir dómi, að fyrirsvarsmenn Granda hf. hefðu allan tímann

staðið í þeirri trú, að bankaábyrgð væri fyrir hendi, bæði að því er varðaði hertu hausana og skreiðina, sem síðar var útskipað, en gat ekki fullyrt, frá hvaða aðila þær ábyrgðir hefðu átt að vera. Gagnáfrýjandi hafði ekki staðfestingu fyrir bankaábyrgð frá Sviss nema að því, er varðar hertu hausana. Bankaábyrgð í Nígeríu varðandi skreiðina varð ekki treyst, svo sem fram kemur í skeyti Landsbanka Íslands til gagnáfrýjanda 25. ágúst 1986. Í sóknargögnum gagnáfrýjanda í héraði er því haldið fram, að þeir hafi ætíð verið að reyna að fá vöruna greidda, þótt þolinmæði þeirra hafi ekki verið á þrotum, fyrr en komið var fram á árið 1988. Þá er ósannað gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að fyrirsvarsmenn Granda hf. hafi verið látnir fylgjast með aðgerðum aðaláfrýjanda við sölu vörunnar í Nígeríu og þeim erfiðleikum, sem þar urðu við afhendingu hennar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn í málinu nr. 53/1991 með skírskotun til forsendna hans með þeim breytingum, sem leiðir af inngreiðslum og breyttri kröfugerð hér fyrir dómi. Rétt er þó, að vextir reiknist aðeins frá þingfestingu málsins í héraði 10. janúar 1989, þar sem ekki nýtur kröfugerðar af hálfu gagnáfrýjanda fyrir þann tíma.

Héraðsdómari sá, sem dæmdi í máli nr. 7/1994 um staðfestingu löghalds þess, er gagnáfrýjandi fékk lagt á eignir aðaláfrýjanda Íslensku umboðssölnunnar hf. 26. júní 1992, féllst á niðurstöðu fógeta um framkvæmd gerðarinnar, án þess að trygging hefði verið sett fyrir gerðinni. Niðurstaða þessi er lítt eða ekkert rökstudd. Þá hefur dómari talið rétt að fjalla ekkert um málsástæðu varðandi áhrif þess á löghaldið, að aðaláfrýjendur höfðu greitt inn á dómkröfuna, en það bar honum skýlaust að gera. Ber af þessum ástæðum að ómerkja dóm hans og meðferð málsins frá og með aðalmeðferð 24. nóvember 1993. Það athugast, að dómaramum var rétt, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990, að fresta meðferð staðfestingarmálsins, þar til dómur yrði kveðinn upp í Hæstarétti í málinu nr. 53/1991. Enn fremur er það athugasvert, hversu langur tími leið frá aðalflutningi og þar til dómur var upp kveðinn.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Dómur héraðsdóms í málinu nr. 7/1994 um staðfestingu lög-
halds þess, er gert var í eignum aðaláfrýjanda Íslensku um-
boðssölnnar hf. 26. júní 1992, og meðferð málsins skulu vera
ómerk frá og með aðalmeðferð 24. nóvember 1993.

Aðaláfrýjendur, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir
framleiðendur, greiði gagnáfrýjanda, Granda hf., 3.450.130
krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/
1987 af 5.248.960 krónum frá 10. janúar 1989 til 15. janúar 1991,
en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 200.000 krónur í máls-
kostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu annarra dómenda, að
því er varðar kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum
Sameinuðum framleiðendum í máli nr. 53/1991. Tel ég hann eiga að
greiða gagnáfrýjanda bætur og málskostnað, eftir því sem þar segir.

Aðaláfrýjandinn Íslenska umboðssalan hf. annaðist framkvæmd
útflutningsviðskipta á vegum Sameinaðra framleiðenda, eins og lýst
er í hinum áfrýjaða dómi í máli nr. 53/1991, jafnhliða viðskiptum á
eigin vegum. Þurfti undirritun hlutafélagsins á símbréfi til gagn-
áfrýjanda 4. júní 1986 varðandi sölu hertra þorskhausa ekki að
tákna annað en það, að félagið væri að gegna venjulegu hlutverki
sínu fyrir samtökin. Aðaláfrýjendur fullyrða báðir, að umsýslusala á
skreið til Nígeríu hafi ávallt farið fram á vegum samtakanna, eftir
að samstarf þetta komst á, og svo hafi einnig verið í þetta sinn. Er
og á þessu byggt í hinum áfrýjaða dómi. Þótt gagnáfrýjandi stæði ut-
an samtakanna, mátti honum vera kunnugt um þessa tilhögun
vegna eigin umsvifa og starfsemi fyrirrennara sinna. Hann hefur
ekki gert líklegt, að það hafi skipt meginmáli við ákvörðun hans um
viðskiptin, hvor aðaláfrýjenda væri umsýsluaðilinn. Þvert á móti
liggur fyrir, að hann lét meðal annars merkja vöruna samtökunum

og hreyfði ekki athugasemdom, þegar uppgjörsgögn bárust í nafni þeirra. Sömuleiðis er fram komið, að samtökin seldu fyrir hann skreið í allmörg skipti eftir það, sem hér gerðist, og hann hafði átt hluta af farmi, sem fór úr landi á vegum þeirra í febrúar 1986. Loks hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að ábyrgð gagnvart honum af hálfu hlutafélagsins verði sjálfstætt á því byggð, hvernig það stóð að viðskiptunum fyrir hönd samtakanna. Að þessu athuguðu er það niðurstaða mín, að sýkna beri aðaláfrýjandann Íslensku umboðssöluna hf. af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Granda hf., í máli nr. 53/1991. Af því leiðir, að hrinda ber dómi héraðsdóms í máli nr. 7/1994 og fella úr gildi löghald það, sem gert var 26. júní 1994 í eignum þessa aðaláfrýjanda. Rétt er, að málskostnaður milli þessara aðila falli niður í báðum málum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. þ. m., hefur Grandi hf., Reykjavík, höfð að fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. desember 1989, á hendur Íslensku umboðssölnunni hf., Reykjavík, til greiðslu að óskiptu á 12.906.621,00 kr. eða annarri lægri fjárhæð auk vaxta og kostnaðar. Á hendur Sameinuðum framleiðendum, Reykjavík, er málið höfðað með sakaukastefnu, birtri 20. júní 1989.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum aðallega til greiðslu 12.464.676,00 kr. auk [náanar tilgreindra vaxta og málskostnaðar], til vara til greiðslu lægri fjárhæðar að mati réttarins auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og að framan greinir, og málskostnaðar.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar. Sakaukastefndi krefst þess til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, en að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 20. júní 1986 var lestaður í ms. Selmar Enterprise 5101 pk. af hertum þorskhausum fyrir Nígíeríumarkað, sem stefnandi hafði framleitt, og 21. júlí og 11. ágúst sama ár var lestaður 1481 pk. af Nígíeríuskreið í ms. Horsham, sömuleiðis framleiðsla stefnanda. Hvort tveggja var flutt til Nígíeríu á vegum stefndu Sameinaðra framleiðenda 30. júní og 15. ágúst 1986 og selt þar. Fyrir hausana átti stefnandi að fá 5.248.960,00 kr., en fyrir skreiðina 7.646.275,00 kr. Einungis hafa skilað sér 441.945,00 kr. upp í skreiðina, 222.345,00 kr. 1. júlí 1988 og 219.600,00 kr. 22. ágúst 1988, en stefnandi krefur stefndu um greiðslu mismunarins.

Hinn 4. júní 1986 átti fjármálastjóri stefnanda viðræður í síma við starfsmann stefnda Íslensku umboðssölnunnar hf. um afskipun á hertum hausum.

Til staðfestingar því, sem þá var sagt, barst honum síðar sama dag símbréf Íslensku umboðssöluunnar, undirritað af sama starfsmanni, þar sem fram kemur, að söluverð sé 40 bandaríkjadalir á balla, skilaverð um 33,00 kr. – 35,00 kr. á kg, greiðslufrestur 120 dagar frá brottför skips og greiðslutrygging óafturkallanleg ábyrgð banka í Sviss. Boðist er til að taka í afskipunina allar birgðir stefnanda, en óskað staðfestingar á magni næsta morgun. Hinn 25. júlí staðfesti sami starfsmaður í óundirrituðu símbréfi, að áætlað skilaverð fyrir skreið, út flutta með ms. Horsham í júlí, væri 80,00 kr. – 85,00 kr. á kg. Ekki er minnst á bankaábyrgð.

Stefnandi heldur því fram aðallega, að hann hafi selt stefndu hausana og skreiðina og að aðild þeirra að kaupunum sé með þeim hætti, að þeir beri ábyrgð, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, á greiðslu kaupverðsins. Til vara heldur stefnandi því fram, að skipti aðila hafi verið umsýsluviðskipti, en að stefndu beri eigi að síður ábyrgð á greiðslu kaupverðs sökum þess, að heitið hafi verið fullkominni bankaábyrgð, en að hann hafi verið fenginn til þess með svikum að láta vöruna af hendi, þótt ábyrgð væri ekki fyrir hendi; bankatrygging hefði haft það í för með sér, að andvirði vörunnar hefði fengist greitt gegn framvísun farmskírteinis í banka.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Sameinaðir framleiðendur hafi tekið fiskinn í umboðssölu, það er, að um umsýsluviðskipti hafi verið að ræða, bankaábyrgð hafi brugðist og að stefnanda hafi verið um það kunnugt, þegar hann lét vörunar af hendi; fyrirtækið hafi gegnt öllum skyldum sínum samkvæmt samningnum, en greiðsludráttur stafi af ástæðum, er varði kaupendur, og ástæðum í viðtökulandinu, þar sem andvirði greiddrar vöru hafi verið fastsett. Á þessum drætti beri samtökin sem umsýslumaður ekki ábyrgð. Stefndu eru sammála um, að Íslenska umboðssalan hf. sé ekki réttur aðili þessa máls.

Fram hefur komið, að stefndu hafa sameiginlega skrifstofu, framkvæmdastjóra og símnefni. Framkvæmdastjórinn er aðalhluthafi hlutfélagsins. Samkvæmt munnlegri aðilaskýrslu af hálfu samtakanna er framkvæmdastjóranum frjálst að nota starfslið og starfsaðstöðu hlutfélagsins við framkvæmd starfsskyldna sinna, en samkvæmt skriflegum gögnum, sem stafa frá hlutfélaginu, annast það útflutning á vegum samtakanna fyrir ákveðna þóknun. Báðir flytja stefndu út fisk í umboðssölu. Hlutfélagið flytur þó ekki fisk til Nígeríu.

Nálega mun óþekkt, að íslenskir útflytjendur taki skreið til útflutnings öðruvísi en í umboðssölu (umsýslusölu). Stefnandi er mjög umsvifamikill fiskframleiðandi, og forráðamenn hans geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu á þessum viðskiptaháttum. Firmaheiti hins stefnda hlutfélags gefur

Þessa viðskiptahætti til kynna, og verðákvörðun í símbrefunum ber hið sama með sér. Fallast verður á það með stefndu samkvæmt almennum reglum um umsýsluviðskipti, að þeir beri ekki ábyrgð á vanefndum kaupenda eða áhættu af hindrunum, sem yfirvöld í viðtökulandinu kunna að setja í veg fyrir skil á innheimtu kaupverði. Því er raunar ekki haldið fram, að umsýsluaðilinn hafi vanrækt skyldur sínar við að koma fiskinum í verð eða innheimta andvirðið.

Hins vegar verður að líta svo á, að stefnanda hafi verið heitið öruggri bankaábyrgð á greiðslu fyrir hausana. Þótt magn hefði ekki þá þegar verið ákveðið til fullnustu, verður að álíta, að samkomulag um umsýsluviðskiptin hafi tekist 4. júní 1986. Stefndu kveða hafa legið fyrir 4. júní tilboð um kaup á hausum með bankaábyrgð, en komið í ljós 14. júní, að kaupandi og ábyrgð brugðust. Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að honum hafi verið tilkynnt eða að hann hafi vitað um, að bankaábyrgðin hefði brugðist, fyrr en of seint var að hætta við viðskiptin. Telja verður, eins og á stóð, að það hafi verið skylda umsýsluhafans að tilkynna stefnanda þegar í stað um, að svo veigamikil ástæða fyrir viðskiptunum hefði brugðist, svo að stefnandi gæti endurskoðað ákvörðun sína í nýju ljósi. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi engin tilkynning borist um, að ábyrgðin hefði brugðist. Það var á ábyrgð umsýslumannsins, að þær upplýsingar kæmust til stefnanda. Leiðir þá af því, að ekki tókst að koma þeim skilaboðum til umsýsluveitandans, að umsýslumaðurinn ber bótaábyrgð á því tjóni, sem umsýsluveitandinn hefur orðið fyrir af þessum sökum.

Hins vegar verður að telja með hliðsjón af því, sem alkunnugt var á þessum tíma um ástandið í Nígeríu, að stefnandi hafi ekki getað treyst því, að bankaábyrgð væri fyrir hendi til tryggingar greiðslu skreiðarinnar, og ekki þykir sannað, að stefndu hafi gefið fyrirheit um, að svo væri. Af ofangreindum ástæðum og vegna birgðasöfnunar hér á landi var ekki óeðlilegt, að skreiðarframleiðendur freistudu þess að losa sig við skreið til Nígeríu, þótt greiðsla fyrir hana væri óviss, þar sem hagur gat verið að því að rýmka um geymslurými og engan veginn örvænt um, að hagnaður yrði af viðskiptunum.

Stefndu telja, að mistök hafi ráðið því, að fyrri símbrefið var sent í nafni hlutafélagsins, og benda á, að í síðara bréfinu sé telexnúmer Sameinaðra framleiðenda, sem eru samtök skreiðarframleiðenda. Aðilar eru raunar sammála um, að síðara símbrefið stafi frá samtökunum. Félagsmenn þeirra bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins með inneign sinni í félagssjóði. Stefndi er ekki félagi í samtökunum. Hlutafélagið var skráð útflytjandi

samkvæmt útflutningsleyfum. Á það þykir verða að fallast með stefnanda, að honum hafi ekki mátt vera ljóst, að mistök réðu því, að símbréfið var ritað í nafni hlutafélagsins, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að viðsejandi hans hafi gert ljóst, að hann semdi í umboði samtakanna. Stefnandi þykir því eiga kröfu á hlutafélagið um bætur vegna þess tjóns, sem leiddi af því, að hann fékk ekki upplýsingar í tæka tíð um það, að bankaábyrgð hefði brugðist. Eins og tengslum stefndu er háttað og einkum afstöðu þeirra í málinu og þar sem telja verður, að samtökin hafi raunverulega annast útflutninginn, þykir verða að fallast á kröfu stefnanda á hendur báðum stefndu, að því er varðar hausaviðskiptin. Hefði bankaábyrgð ekki brugðist, verður að miða við, að stefnandi hefði fengið greiðslu andvirðis hausanna með skilum innan 120 daga frá brottför skips, en óvissa er um, hvort eða hvenær andvirði hausanna eða hluti þess kemst til skila. Tjón stefnanda samsvarar því skilaverðinu.

Um skil á andvirði skreiðarinnar er einnig allt í óvissu. Jafnóðum og greiðsla berst upp í skuldina, verður umsýsluaðilinn skuldbundinn til að gera skil við umsýsluveitandann, en svo mikil óvissa er um, hvort allt andvirðið kemur nokkurn tíma til skila, að ekki þykja skilyrði til að dæma sýknu að svo stöddu. Þykir því bera að alsýkna stefndu af kröfum vegna skreiðarviðskiptanna.

Samkvæmt þessum ályktunum þykir bera að dæma stefndu til að greiða stefnanda að óskiptu 5.248.960,00 kr. auk vaxta, eins og að framan og í dómsorði greinir, og málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 560.000,00 kr. auk dráttarvaxta, ef til kemur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur, greiði stefnanda, Granda hf., 5.248.960,00 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta] auk málskostnaðar, að fjárhæð 560.000,00 kr. [...].

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994.

Mál þetta var höfðað með stefnu, dagsettri 1. júlí 1992. Stefnandi er Grandi hf., kt. 541185-0839, Norðurgarði 1, Reykjavík. Stefnt er Íslensku umboðssölnunni hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík. Málið var dómtekið 24. nóvember sl. Lögmenn aðila lýstu yfir því, að endurflutningur væri óþarfur, en dómsuppkvaðning hefur tafist vegna jólahalds.

Í stefnu eru gerðar þær kröfur, að staðfest verði með dómi löghaldsgerð í

eignarhluta stefnda í Seljavegi 2, Reykjavík, og eignarhluta stefnda í Eyjar-slóð 9, Reykjavík, sem lögð var á í fúgetarétti Reykjavíkur 26. júní 1992, til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. desember 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Við aðalmeðferð málsins orðaði stefnandi kröfur sínar svo:

„1. Aðallega, að máli þessu verði frestað, þar til dómur gengur í Hæstarétti í máli Íslensku umboðssögunnar hf. og gagnsök.

2. Varakrafa, að löghaldsgerð fúgetaréttar Reykjavíkur frá 26. júní 1992 í málinu . . . verði staðfest.

3. Önnur varakrafa, að löghaldsgerðin verði staðfest fyrir þeim fjárhæðum, sem þar greinir, að frádregnum 1.798.830,00 kr.

4. Þriðja varakrafa, að löghaldsgerðin verði staðfest með þeirri breytingu, að löghaldsgerðin nái til höfuðstóls, 5.248.960,00 kr., að frádregnum 1.798.830,00 kr., alls 3.450.130,00 kr., auk vaxta af 5.248.960,00 kr. frá 15. des. 1986 til 11. febr. 1991, en af 3.450.130,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk alls kostnaðar, sem í gerðinni greinir.“

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess, að löghaldsgerðin verði felld úr gildi og hann að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess, að stefnandi og lögmaður hans, Valgarð Briem hrl., verði dæmdir til greiðslu réttarfarssektar. Loks krefst stefndi ríflegs málskostnaðar.

I.

Hinn 15. janúar 1991 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 15019/1989: Grandi hf. gegn Íslensku umboðssögunni hf. og Sameinuðum framleiðendum. Með dómi þeim var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 5.248.960 krónur auk tiltekinna vaxta og 560.000 kr. í málskostnað, er skyldu bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 31. janúar 1991.

Hinn 9. janúar 1992 óskaði stefnandi þess við borgarfégetaembættið í Reykjavík, að löggeymsla yrði lögð á eignir stefnda, en með úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1992 var beiðni þessari hafnað. Þá krafðist stefnandi kyrrsetningar með beiðni, dagsettri 18. maí 1992. Framgangi gerðarinnar var mótmælt, og gekk úrskurður í málinu 22. júní 1992, þar sem ákveðið var, að gerðin skyldi fara fram. Hinn 26. sama mánaðar var síðan lagt löghald á eignarhluta stefnda í fasteignunum Seljavegi 2 og Eyjar-slóð 9 í Reykjavík. Staðfestingar þeirrar gerðar er krafist í máli þessu.

II.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til 6. gr. og 1. og 4. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Telur hann, að um staðfestingarmál þetta fari eftir ákvæðum hinna eldri laga í samræmi við 51. gr. laga nr. 31/1990, er tekið hafi gildi 1. júlí 1992, eftir að gerðinni var lokið. Telur hann, að skilyrðum laga nr. 18/1949, til að gerðin færi fram, hafi verið fullnægt. Þá hafi krafa hans verið dæmd, en ekki sé unnt að leita lúkningar hennar, þar sem dóminum hafi verið áfrýjað.

III.

Stefndi hefur í greinargerð sinni haldið því fram, að ekki hafi verið skilyrði til að leggja löghald á eignir hans, svo sem gert var, einu ári eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli aðila. Hér skyldi beitt löggeymslu, en að fullnægðum þeim skilyrðum, er lög settu. Önnur úrræði hafi ekki komið til greina.

Þá hefur stefndi vísað til þeirra raka og málsástæðna, er settar voru fram af hans hálfu, er hann kærði löghaldsgerðina til Hæstaréttar.

Þar segir m.a.: „Hinn kærði úrskurður gengur þvert á ákvæði 6. gr. laga nr. 18/1949, dómvenju og skoðanir fræðimanna. Krafan á hendur umbj. m. er hvorki viðurkennd af honum né lögvarin, þar sem dómi um hana hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, einnig af gerðarbeiðanda.

Gegn tryggingu af hálfu gerðarbeiðanda mátti gera löghald, áður en dómur gekk í héraði og aðfararfrestur var liðinn, ef ástæða var til að óttast undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum af hálfu skuldunauts eða hagir hans og framferði hans muni torvelða fullnustu kröfu.

Heimild 6. gr. er því bundin öllum framangreindum skilyrðum, og beitingu hennar eru sett þau tímamörk, að aðfararhæfur dómur hafi ekki gengið um kröfuna eða þeim dómi verið áfrýjað. Í safni Hæstaréttardóma hefur mér ekki tekist að finna dæmi þess, að á annan veg hafi verið farið.

Kyrrsetningarbeiðnin er fram borin af gerðarbeiðanda, sem sjálfur hefur, auk annarra aðila málsins, áfrýjað málinu, tæplega einu og hálfu ári eftir að þau tímamörk voru liðin, að beita mátti kyrrsetningarúrræðinu.“

Síðar segir: „Framangreind meginregla um tímamörk þau, er kyrrsetningu verður beitt, en löggeymsluúrræðið tekur við, er raunar staðfest með hinum nýju réttarfarsákvæðum, er gildi taka á morgun, sbr. ákvæði 3. og 4. tl. 3. mgr. 16. gr., en einkum 23. gr. l. nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., þar sem þó er mjög slakað á þeim skilyrðum, er gildandi lög geyma. Því er hins vegar haldið fram af hálfu gerðarþola, að hæpið sé, að löggeymsluúrræði nýrra réttarfarslaga verði, eins og á stendur, beitt um þann dóm, sem nú bíður afgreiðslu Hæstaréttar, nema ákvæði nýrra réttarfars-

laga giltu um málið í heild, en það leiddi óhjákvæmilega til ómerkingar að-almálsins, svo sem síðar verður nánar skýrt.“

Þá er í greinargerð með kærinni að finna útlistun á því, að gerðin hafi ekki mátt fara fram án tryggingar úr hendi gerðarbeiðanda, og byggt á því, að skýring fógeta á 12. gr. laga nr. 18/1949 sé ekki rétt.

Í greinargerð í þessu máli er að lokum byggt á því, að löghald hafi verið lagt á tvær mjög verðmiklar eignir, sem hvor um sig hefði gert mun meira en tryggja alla kröfuna.

Kröfu um réttarfarssektir á hendur stefnanda og lögmanni hans, Valgarð Briem hrl., reisir stefndi á 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 91/1991. Telur hann, að í kröfugerð stefnanda við kyrrsetningargerðina felist ærumeiðandi aðdróttanir og fullyrðingar um málsatvik, er sett séu fram gegn betri vitund.

IV.

Hina svonefndu kröfugerð stefnanda við aðalmeðferð málsins, að meðferð málsins yrði frestað, er ekki unnt að skilja sem annað en kröfu um tiltekna málsmeðferð, en ekki sem efnislega kröfu um niðurstöðu málsins.

Með hliðsjón af 4. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949, þótti dómara máls þessa rétt að ljúka efnislegri meðferð þess.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að kyrrsetning hafi ekki verið heimil til tryggingar kröfu stefnanda, þótt hún hefði verið viðurkennd með áfrýjuðum héraðsdómi. Þvert á móti verður talið, að skýr heimild til gerðarinnar hafi verið í 6. gr. laga nr. 18/1949. Ekki verður hér úr því leyst, hvort löggeymsla hafi verið heimil, eins og á stóð, en það þykir ekki varða neinu um heimild til kyrrsetningar.

Fógeti mat aðstæður svo, að heimilt væri að framkvæma gerðina án tryggingar. Þykir ekki ástæða til að hnekkja því mati, enda ekki sýnt, að önnur niðurstaða leiddi til þess, að synja bæri um staðfestingu gerðarinnar.

Stefndi hefur ekki stutt með haldbærum gögnum fullyrðingar sínar um, að nægilegt hefði verið að kyrrsetja aðra þeirra fasteigna, er kyrrsettar voru.

Stefndi hefur haldið því fram, að greiðst hafi upp í þær kröfur, er stefnandi fékk dæmdar með ádurgreindum dómi bæjarþings Reykjavíkur. Eins og hér stendur á, þykir ekki rétt að fjalla um þann þátt málsins, enda hefur dómstóll hliðsettur Héraðsdómi Reykjavíkur dæmt um fjárkröfur stefnanda á hendur stefnda. Bíður þessi þáttur nú dóms Hæstaréttar í máli aðila.

Ekki er tilefni til að beita stefnanda eða lögmann hans réttarfarssektum.

Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta kyrrsetningargerðina, svo

sem hún var gerð. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan, en hann fékk málið til meðferðar 18. október 1993.

D ó m s o r ð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndi, Íslenska umboðssalan hf., greiði stefnanda, Granda hf., 100.000 kr. í málskostnað.
